

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Sandlækjarbænda í Gnúpverjahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

10. apríl 1969.

Nr. 102.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Blóma- og trjáræktarsjóð Súgfirðinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. apríl 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Blóma- og trjáræktarsjóð Súgfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Blóma- og trjáræktarsjóður Súgfirðinga“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 1 000.00 — eitt þúsund króna — gjöf frá Þórði Þórðarsyni og Sigríði Einarsdóttur á 50 ára hjúskaparafmæli, til minningar um Sigríði Ástu dóttur þeirra, er lézt 2. desember 1946.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og áheiti, enn fremur sala minningarkorta o. fl., er sjóðsstjórnin ákveður.

4. gr.

Sjóðurinn er eign kvenfélagsins Ársól og skipa stjórn hans þrjár konur, kosnar á aðalfundi félagsins ár hvert.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal sjóðurinn ávaxtast, þar til hann er orðinn 5 þúsund krónur og má þá veita úr honum allt að helmingi af árstekjum sjóðsins. Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, má verja allt að $\frac{3}{4}$ árstekna samkvæmt tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna fyrir góða hirðingu blóma- og trjágarða við íbúðarhús í Suðureyrarhreppi og skal jafnframt taka tillit til snyrtingar og útlits húsanna sjálfra.

Heimilt skal og að veita úr sjóðnum til styrktar öðrum menningarmálum innan hreppsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi umsjón hans og geymir eignaskilríki og önnur skjöl. Skal hún halda gjörðabók um ákvarðanir til fjáröflunar og úthlutanir úr sjóðnum, er til kemur og semja ársreikning. Ársreikning sjóðsins skal árlega birta með efnahagsreikningi kvenfélagsins Ársól.

8. gr.

Sjóðurinn skal fyrst um sinn ávaxtast í Sparisjóði Súgfirðinga, en stjórn sjóðsins skal skylt að flytja hann í Landsbanka Íslands að nokkru leyti eða öllu, ef hún telur það tryggara.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 21. september 1949.

F. h. kvenfélagsins Ársól,

Sigrún Sturludóttir,
formaður.

REGLUGERÐ

um störf lækna við Sjúkrahúsið á Húsavík.

1. gr.

Yfirlæknir sjúkrahússins er formaður læknaíðs þess. Hann hefur réttindi og starfsskyldur samkvæmt sjúkrahúsalögum, en auk þess skal hann skipuleggja heilbrigðisþjónustu spítalans og hafa eftirlit með starfsliði, er að henni starfar. Hann tekur við beiðnum um innritun nýrra sjúklinga og stuðlar að hagræðingu í daglegum rekstri. Hann ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn.